

**151** ráðaneytinu, að sæmileg kirkja eða bænahús væri fengið, væri send hingað full-  
8. nóv. komin skýrsla um alla þá, sem þá verða í utanþjóðkirkjusöfnuðinum, að því tilgreindu, hvar hver eigi heima, og er þá geymt til þess tíma, að taka ákvörðun um takmörkin fyrir starfssvæði prestsins, er leggja verður til grundvallar, þegar ákveða skal nafn eða titil safnaðarins.

Aptur á móti hefur ráðaneytinu þótt varhugavert að fylgja tillögu biskups um hið fjórða atriðið, að prestinum í hinum tyrirhugaða utanþjóðkirkjusöfnuði veitist kostur á að taka vígslu af biskupi landsins, og hefur það því leitað álits kirkjustjórnar ríkisins um það, hvort slík vígsla geti álitizt samkvæm þeim almennu gildandi reglum og grundvallarsetningum kirkjurjettarins, er eigi síður gilda á Íslandi heldur en í konungsríkinu, þar sem hinn umræddi söfnuður ekki að eins er utan þjóðkirkjunnar, heldur jafnvel beinlínis hefur sagt sig út úr henni. Í svari sínu hefur kirkju- og kennslumálastjórnin með skýrskotun til yfirlýsingar Sjálandsbiskups um málið, er hjer með fylgir í eptirriti ásamt brjefi kirkju- og kennslumálastjórnarinnar lýst því yfir, að hún verði að álita það öldungis ósameinanlegt þeim reglum, er gilda um þjóðkirkjuna, að biskupar hennar vígi presta fyrir söfnuði, sem standa fyrir utan þjóðkirkjuna. Með því að ráðaneytið fyrir Ísland verður að öllu leyti að fallast á þessa skoðun, skal jæg hjer með þjónustusaml. tjá yður, til þkl. leiðb. og birtingar fyrir biskupi, að það verður ekki leyft, að biskupinn vígi prest fyrir söfnuð þenna.

**152** Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um flutning á þing-  
12. nóv. stað. — Út af erindi, er mjer hefur borizt frá hreppsnefndinni í Eyrarhreppi við Skutulsfjörð, dags. 18. f. m., undan felli jæg ekki hjer með að tjá yður, herra sýslumaður, til þkl. leiðbeiningar og frekaribirtingarfyrir hreppsnefndinni, að jæg hjer með vil veita samþykki mitt til að þingstaðurinn verði fluttur úr Hnífsdal í Eyrarhreppi inn á svo nefnt Hauganes í sama hreppi, með því skilyrði, að hreppsnefndin skuldbindi sig til að annast um, að ætið verði til hæfilegt þinghús á hinum nýja þingstað.

**153** Brjef landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.  
25. nóv. (Ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að presturinn að Undirfelli í Húnavatnsprófastsdæmi, Hjörleifur próf. Einarsson, tæki 800 kr. embættislán upp á prestakallið til 15 ára, til þess að halda áfram jarðabótum á túni og engjum prestssetursins, svo og til að viðhalda þeim jarðabótum, sem hann þegar hefur látið framkvæma þar.

**154** Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um  
7. des. sveitfesti þurfalings. — Út af erindi, er hingað hefur borizt beina leið frá hrepps-

nefndinni í Stokkseyrarhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, herra **154**  
amtmaður, dags. 14. marz þ. á., er ákveður, að Hjörtþór nokkur Illugason, **7. des.**  
búðarmaður á Eyrarbakka, skuli áltast sveitlægur í Stokkseyrarhreppi, og tjeður hreppur endurgjalda Hvítársíðuhreppi 57 kr. 40 aura, er hann hefur borgað með fyrirvara, skal yður hjer með þjónustusaml. tjáð til þkl. leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður samdóma um, að ekki hafi verið ástæða til eptir kringumstæðunum að álíta tjeðan Hjörtþór Illugason sem þurfamann og veita honum uppeldisstyrk af fátækrafje, þegar honum á 10. dvalarári sinu í Stokkseyrarhreppi var veittur hinn umræddi styrkur af hreppsnefndinni þar, og skal því ofangreindur úrskurður yðar óraskaður standa, bæði að því er snertir endurgreiðslu á hinni framlögðu upphæð, 57 kr. 40 aur., og sveitfesti Hjörtþórs framvegis<sup>1</sup>.

1) Úrskurður amtmanns er svo hljóðandi:

Með því að þjer, velborni herra sýslumaður og sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eigi hafa getað orðið á eitt sáttir um úrslit ágreinings þess, sem er milli Hvítársíðuhrepps í nefndri sýslu og Stokkseyrarhrepps í yðar sýslu um, hvort styrkur sá, sem lagður var verzlunarþjóni Hjörtþóri Illugasyni í Einarshöfn á Eyrarbakka seinast í nóvember 1893, í síðast nefndum hreppi, hafi verið löglegur og hatt þá verkun, að sveitfestisdvöl hans hafi slitnað áður en hann næði sveitfesti í Stokkseyrarhreppi, er svo látandi úrskurður lagður á mál þetta, sem sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefur borið undir amtið með brjefi, dags. 11. f. m.

Eptir þeim skýrslum, sem liggja fyrir, er Hjörtþór þessi Illugason fæddur á Síðumúla í Hvítársíðuhreppi 26. nóvbr. 1848, og haði hvegi áunnid sjer sveitfesti utan þessa fæðingarhrepps síns, þá er hann á 10. árinu, sem hann dvaldi í Stokkseyrarhreppi, þáði styrk af fátækrafje fyrst á vetrinum 1893—94. Þegar meta skal lögmæti styrks þessa, sem nemur 57 kr. 40 au., og veittur er í matvælum, kaifi og sykri, þá er það að vísu svo, að Hjörtþór bað skriflega um styrk af fátækrafje, en bæði er það, að hann hafi átt að leita styrksins á hvötum eins hreppsnefndarmannsins, sem nú er andaður, hvað þó eigi er sannað, enda er beiðni um fátækrastryk alls eigi skilyrði fyrir því, að veittur styrkur verði álitinn lögmætur og getur það opt og tíðum komið fyrir, að veita beri hjálp af fátækrafje, þótt engin beiðni um styrk liggji fyrir. Að vísu er það einnig svo, að aðsjónargjörð hetur fram farið hjá Hjörtþór, áður en styrkurinn var veittur, en sköðunin hefur eigi gengið út á annað en að rannsakasaka tölu heimilismanna, sem svo, eptir sögn hreppsnefndarinnar í Hvítársíðuhreppi, eru oftaldir um einn, og matföng á heimilinu, sem þó var nokkuð til af, svo sem 2 tunnur af kartöflum, 20 pund af kjöti, auk nokkurra tjörðunga af fiski; aptur á móti hetur hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi eigi látið aðsjónargjörðina ná til ástæða Hjörtþórs að öðru leyt, en í því tilliti liggja nú fyrir þær skýrslur, að hann hafi haft að launum 900 kr. á ári, auk húsnæðis og matjuntagards. Þá er styrkurinn var veittur, var að vísu nokkuð tekið af mánaðarlaunum hans til lúkningar skuld þeirri, sem hann var kominn í við verzlun þá, er hann þjónaði, en í nóvbr. 1893 voru út borguð laun hans enn þá 66 kr. 66 aur. á mánuði, og einmitt fyrir nóvbr. 1893 átti hann eptir innistandandi af kaupi sínu eða óútteknar 15 kr. 66 aur. Frá 1. desbr. 1893 skyldi hann að eins fá út borgaðar 50 kr. á mánuði, af kaupi sínu, en 25 kr. áttu að ganga upp í skuld hans, en samt sem áður er úttekt hans við verzlunina í desbr. 1893 og í jan., febr. og marz 1894 talsvert meiri, unz hann frá 1. apríl 1894 eigi tjekk nema 50 kr. út borgaðar í peningum á hverjum mánuði. Þrátt fyrir þessa tekjulækkun ber samt eigi á öðru, en að Hjörtþór hafi komizt af án styrks, sem eigi var veittur honum nema í það í eina skipti, sem frá er skýit, sem sje um mánaðarmótin nóvbr. og desbr. 1893. Að öllu þessu

**155** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um**  
 17. des. **sveitfesti þurfalings.** — Út af erindi, er hingað hefur borizt beina leið frá hreppsnefndinni í Grindavíkurhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, dags. 19. apríl þ. á., er ákveður, að hinn forni Leiðvallahreppur skuli vera laus við að greiða Grindavíkurhreppi framlag til Gests nokkurs Bárðarssonar, og að Grindavíkurhreppur skuli álitast framfærslusveit tjeðs Gests, skal yður hjer með þjónustusaml. tjáð til þkl. leiðb. og frekari birtingar, að jeg er yður samdóma um, að meðlagsgreiðsla hreppsnefndarinnar í Grindavíkurhreppi til húsbónda Gests, fyrrum sýslumanns Árna Gíslasonar í Krisuvík á 10. dvalarári Gests í hreppnum, geti með engu móti álitizt löglega veittur sveitarstyrkur Gestu til handa, þar sem Gestur sjálfur alls eigi hefur beiðst styrks, og engin rannsókn fram farið um það, hvort hann gæti ekki komizt af og haft viðunanlegan samastað án styrkveitingar, auk þess sem ekki verður annað sjeð mál-skjölunum, en að hann hið umrædda vistarár 1890—91, þegar meðlagsgreiðslan á að hafa fram farið, hafi dvalið óumtalið hjá Árna Gíslasyni í Krisuvík langt fram yfir hjúskildaga, og verði því að skoðast sem hjú Árna sýslumanns einnig það ár, þrátt fyrir það, þótt hann um sumarið 1890 hafi sagt hann til sveitar. En með því að Gestur þannig hefur dvalið 10 ár í Grindavíkurhreppi án þess að þiggja löglega veittan sveitarsstyrk, þá leiðir af því, að hann hefur með dvöl sinni áunnið sjer sveitfesti í nefndum hreppi, og skal því úrskurður yðar í máli þessu í öllum greinum óraskaður standa.

#### Embættaskipan og sýslana.

8. desbr. var Jón bóndi Bergsson á Egilsstöðum í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu af landshöfðingja skipaður *póstafgreiðslumaður* frá 1. jan. 1896 að telja.

31. desbr. veitti landshöfðingi aukalækni *Oddi Jónssyni* styrk fyrir 1896 og 1897 sem aukalækni í Strandasýslu norðanverðri, samkvæmt tjárlaganna 11. gr. 2. l.

Íhuguðu get jeg eigi komizt að annari niðurstöðu, en að sú þörf eða nauðsyn hafi eigi verið fyrir hendi, sem geti rjetlætt það, að veita Hjörþór Illugasyni styrk af látækrafje, og verði jeg því að álíta styrkveitinguna ólögmæta, og að hún eigi geti verið því til fyrirstöðu, að hann hafi áunnið sjer sveitfesti í Stokkseyrarhreppi.

Samkvæmt þessu úrskurdast hjer með, að Hvítársíðahreppur skuli vera laus við að endurgjalda Stokkseyrarhreppi hinn umrædda sveitarstyrk og þar sem hreppsnefndin í hinum fyrnefnda hreppi þegar hefur innt af hendi 57 kr. 40 au. með þeim fyrirvara, að þessi upphæð yrði borguð sjer aptur, ef það yrði ofan á síðar meir, að hreppurinn hefði átt að rjettu lagi að hafa neina byrði eða neinn kostnað af Hjörþór Illugasyni og hyski hans, ber hreppsnefndinni í Stokkseyrarhreppi að endurgjalda Hvítársíðahreppi 57 kr. 40 au., en optnefndur Hjörþór Illugason skal álitast sveitlægur í Stokkseyrarhreppi.

Þetta eruð þjer þjónustusamlega um beðinn að tilkynna hreppsnefndinni í Stokkseyrarhreppi og annast um, að hún sem fyrst endurborgi hina nefndu upphæð.